Stúdentaráðsfundur

35. fundur

28. nóvember 2014 í Norðurborg

Fundaritari: Birgir Marteinsson

Fundur settur: 13:00

Mættir: Þórhildur Edda Eiríksdóttir , Birgir Marteinsson, Sigrún Birna, Berglind Ósk Guðmundsdóttir, Eggert Páll Einarsson, Hafdís Haraldsdóttir, Guðbjörn Ólsen Jónsson, Katla Hrund Björnsdóttir, Þorsteinn Helgi

Gestir fundarins: Sóley Rut Þrastardóttir, Elín Birna Vigfúsdóttir

1. Fél&Menn

Elín Birna og Sóley komu í upphafi fundar og ræddu málefni Fél&Menn og það sem framundan er. Stóra Vísindaferðin suður helgina 5.-8. Febrúar helst á döfinni og árshátíð FSHA þann 14. mars. Tilkynntu þær þema árshátíðarinnar auk þess sem þær upplýstu um gang annara mála. Elín lagði til að keyptur yrði skápur fyrir verðlaunagripi FSHA sem settur yrði á áberandi stað á gang skólans. Elín hyggst ræða við stjórnendur skólans vegna þessa. Eftir spurningar stúdentaráðs yfirgáfu þær stöllur fundinn.

2. Námsmat. Áskorun til Gæðaráðs – Ari Brynjólfsson

Framkvæmdarstjórn lagði fram áskorun til Gæðaráðs er varðar birtingu þess hluta námskeiðsmats sem snýr að ópersónugreinanlegum hluta þess. Stúdentaráð er einhuga í því að berjast áfram fyrir málinu en það hefur dregist á langinn innan Gæðaráðs um áraraðir og afgreiðslu sífellt frestað eins og sýnt hefur verið fram á. Undirritaði stúdentaráð áskorun sem Birgir hyggst koma til gæðaráðsfulltrúa með beiðni um að Þórhildur og Birgiir verði boðuð á næsta fund ráðsins sem fjallar um málið til að fylgja því eftir.

3. Styrkumsókn frá Félagi.is

Stúdentaráð samþykkti að styrkja Félaga um 50.000 kr. Vonast stúdentaráð til þess að fjármunir komi sér vel fyrir útgáfuna og að hún geti eflst. Stúdentaráð hvetji

nemendur til að kynna sér Félaga og áhugasamir hvattir til að skila til ritstjórnar áhugaverðu efni sama frá hvaða deild þeir koma innan skólans. Líflegar umræður um málið.

4. Önnur mál

Farið yfir hin ýmsu mál aðallega er varða skemmtanamál. Fundarmenn almennt ánægðir með að boðið sé upp á mackinthos og kaffi á fundum.

Fundi slitið kl. 14:30

Undirskrift fundargesta

Þórhildur Edda Eiríksdóttir
Formaður FSHA

Birgir Marteinsson
Varaformaður FSHA

Sigrún Birna
Fjármálastjóri FSHA

Guðbjörn Ólsen Jónsson
Formaður Eirar

Eggert Páll Einarsson
Formaður Kumpána

Katla Hrund Björnsdóttir
Forseti Stafnbúa

Hafdís Haraldsdóttir
Formaður Magister

Berglind Ósk Guðmundsdóttir
Formaður Þemis

Þorsteinn Helgi Valsson
Formaður Reka